



Fundargerð samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmiðin

Tengiliðafundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið. Áhersla fundarins var loftslagsáætlanir frá sjónarhorni sveitarfélaga

Föstudaginn 22. nóvember 2019, kl. 9:30-12:00 í Sveinatungu, bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7.

Um 40 þátttakendur mættu á fundarstað og 8 þátttakendur tóku þátt á fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Hægt er að nálgast glærur frá fundinum [á vefsíðu sambandsins](#).

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, setti fundinn og bauð gesti nær og fær velkomna á fundinn. Fór hann yfir fyrirkomulag fundarins og hvernig þátttakendur geta tekið þátt sem eru í fjarfundi en sambandið er að þróa áfram fyrirkomulag fjarfunda.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar ávarpaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna í nýjan fundarsal Garðabæjar, Sveinatungu, en þar fundar bæjarstjórn. Í ávarpi Gunnars kom fram hversu mikill kraftur er í ungu fólki gagnvart loftslagsmálum og mikilvægi einstaklinga til að ná markmiðum um kolefnislaust samfélag. Þessi mál hafa hvatt aðila til að sameinast þvert á flokka sem sjá má í sáttmála um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnámamenn eiga að skapa og búa til hvata til að hvetja einstaklinga til að breyta hegðun og er bein tenging milli góðrar umhverfishegðunar og hamingju og velsældar. Garðabær hefur því unnið markvisst að því að huga betur að því hvernig hægt sé að búa til aðstæður svo fólki líði betur og þar spilar náttúran og umhverfið stóran þátt. Heimsmarkmiðin hafa einnig átt sinn þátt í að sameina og sýna að við erum öll að vinna í sömu átt. Í heimsmarkmiðunum felast tækifæri til að halda markvisst áfram og Ísland á að stefna á að vera í fremstu röð þegar kemur að heimsmarkmiðunum. Fram kom í máli Gunnars að Garðabær getur gert enn betur og bærinn vill vera í fremstu röð í þessum málaflokki og þessi vettvangur mun hjálpa á því sviði.

Næst tók til máls Unnur Brá Konráðsdóttir, aðstoðarmaður ríkisstjórnarinnar og sérstakur fulltrúi hennar í loftslagsmálum og yfirskrift erindisins var „Hvað geta sveitarfélögin gert?“ Í máli Unnar kom fram að það er mikilvægt að hlusta á efasemdaraddir og fara ekki í skotgrafir heldur þarf að ná til þeirra á annan hátt. Til dæmis má benda á að mannfólki fjölgar, það þarf að bregðast við mengun í hafi og að það að gera gott fyrir umhverfið hlýtur alltaf að vera jákvætt, óháð því á hvaða forsendum við leggjum af stað í að bæta umhverfið. Unnur fór yfir að sveitarfélög velti fyrir sér hver sé ábyrgð þeirra, er það eingöngu á rekstri sveitarfélagsins eða hugsanlega á öllum einstaklingum og fyrirtækjum innan þess. Að mati Unnar ætti fyrsta skrefið ávallt að vera að gera loftslagsstefnu. Því loftslagsstefnan getur verið góð fyrirmynd fyrir fyrirtækin. Ef Ísland ætlar að vera kolefnishlutlaust 2040 þá þurfi allir að taka þátt.

Í framhaldinu fór Unnur yfir loftslagsstefnu stjórnarráðsins og gerð hennar og sem dæmi þá hafi verið horft til Reykjavíkur sem hafi verið á undan sinni samtíð varðandi loftslagsmál. Fyrsta skrefið var að meta kolefnisspor og áhrifaþætti, og var meðal annars farið í ferðavenjukönnun. Fram kom að flug erlendis væri stærsti þátturinn í kolefnisspori stjórnarráðsins, yfir 60%. Sett voru markmið um hvernig ætti að draga úr hverjum þætti og misjafnt eftir ráðuneytum hvað þau eru tilbúin í að gera. T.d. er flug erlendis mjög viðkvæmt málefni, t.d. hjá utanríkisráðuneyti en markmið þess er tengsl við erlend ríki. En það er alltaf hægt að skoða hvaða fundi má taka á Skype og hvenær þarf að vera á staðnum. Einnig er hægt að

kolefnisjafna flug þegar nauðsynlegt er að fara erlendis á fund. Tryggja þarf einnig að reglur um hvernig á að ferðast og hvaða kostnaður er endurgreiddur ýti undir umhverfisvænni ferðavenjur. Lykilinn að árangri er að sá sem stjórnar fjármögnun sé virkur þátttakandi. Þannig er mikilvægt að fjármálastjóri og bæjarstjórn sé virkur þátttakandi í gerð og framkvæmd loftslagsstefnu.

Næst á dagskrá var Hrönn Hrafnadóttir, verkefnastjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði, og fjallaði erindi hennar um loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar – Kolefnishlutleysi 2040. Í upphafi tók Hrönn undir ábendingu Unnar um að það er mikilvægt að hafa fjármálfólkið með, meðal annars út af talnarýni sem þarf að eiga sér stað og fjármálfólkið er oft hæfast í að lesa úr. Hrönn fór yfir mikilvægi þess að sveitarfélög nýti sér aðalskipulagsgerð við vinnu að loftslagsmálum og að sveitarfélög eigi að vinna markvisst að loftslagsmálum einfaldlega vegna þess að aðgerðir til lofslagsmála búa til betri heim. Fyrsta skref sveitarfélaga í loftslagsmálum á að vera að reikna út hver losunin er og í framhaldinu setja upp aðgerðaáætlun til að minnka losun. Mikilvægt sé að vinna með hverri og einni stofnun eða starfsstöð því það eru mismunandi losun eftir starfsemi og því ólíkar nálganir sem hafa mest áhrif á hverjum stað fyrir sig.

Næsta erindi var Lofslag, landslag, lýðheilsa frá Hrafnhildi Bragadóttur, sviðsstjóra stefnumótunar og þróunar hjá Skipulagsstofnun. Fram kom í máli hennar að of lítið er talað um samþættingu stefnu ríkis og sveitarfélaga en landskipulagsstefnan er meðal annars tækifæri til samþættingar. Hjá Skipulagsstofnun sé unnið við að uppfæra landslagsskipulagsstefnu þar sem hugað er að lofslagi, landslagi og lýðheilsu. Staðan á vinnunni í dag er sú að unnið er að greiningu forsenda og fyrirmynda ásamt því að morgunfundaröð stendur yfir fram í febrúar um málefni þessu tengd. Landslagsskipulagsstefnu er ætlað að samþætta áætlanir opinberra aðila t.d. í samgöngumálum og í annarri landnotkun og því er eðlilegt að þetta samþætti aðgerðir varðandi loftslagsmál er snúa að landnotkun. Stefnt er að því að tillaga um viðauka við landsslagsskipulagsstefnu verði auglýst í vor. Ráðherra leggur áherslu á að við mótun tillögu að nýjum viðauka við landsskipulagsstefnu verði litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Hrafnhildur fór yfir að við skipulagsgerð væri hægt að styðja við markmið í loftslagsmálum en gott skipulag getur dregið úr ferðaþörf, stutt við fjölbreytta ferðamáta, tryggt innviði við orkuskipti, stuðlað að verndun og endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt og síðast en alls ekki síst bæri að nefna aðlögun að loftslagsmálum.

Birgitta Steingrímsdóttir, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun, hélt erindi um lofslagsstefnu sveitarfélaga. Í erindi hennar var farið yfir að þegar kæmi að loftslagsmálum væri almennt talað um þrjá flokka. Í fyrsta lagi væri það viðskiptakerfi losunarheimilda en þar undir fellur meðal annars flug og stóriðja, í öðru lagi væri það landnotkun og breytt landnotkun og að lokum atriði er flokkast undir beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda en þar undir fellur meðal annars landbúnaður og samgöngur á landi og í sjó. Þegar fjallað er um Parísarsáttmálann þá sé verið að tala um þennan síðast nefnda flokk.

Birgitta fór stuttlega yfir gerð loftslagsstefnu og að slík stefna þurfi að innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Umhverfisstofnun er síðan ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með því að sveitarfélög setji loftslagsstefnu, hafi eftirlit með að aðgerðir séu innleiddar, veiti ráðgjöf og fleira. Með hliðsjón af ráðgjafahlutverki Umhverfisstofnunar hefur stofnunin hug á nýta sér verkefni sem er í gangi hjá ríkinu og kallast græn skref í ríkisrekstri en fyrirmynd að verkefninu kemur frá Reykjavíkurborg. Þetta verkefni hefur sýnt mikinn árangur enda stofnunum að kostnaðarlausu að leita ráða til Umhverfisstofnunar. Birgitta tók sérstaklega fram að lykilatriði væri að taka upp grænt bókhald svo hægt væri að fylgjast með árangri innan stofnana. Umhverfisstofnun hefur áhuga á að útvíkka verkefnið svo sveitarfélög geti nýtt sér þessa hugmyndafræði og verklag.

Birgitta nefndi áhugavert verkefni hjá umhverfisstofnun í Noregi en hún gefur út loftslagsbókhald skipt niður á sveitarfélög og þannig geti sveitarfélög fengið mynd af losun í sínu sveitarfélagi en ekki eingöngu út úr sínum rekstri. Umhverfisstofnun á Íslandi er nú að kynna sér þetta verklag og vonast til að geta komið sambærilegu verkefni á innan fárra ára. Þannig geta sveitarfélög tekið virkari þátt í að hvetja íbúa og fyrirtæki á svæðinu til að ná frekari árangri.

Birgitta hvatti fundarmenn til að kynna sér vefsvæðið www.graenskref.is og ítrekaði að hið opinbera á að ganga á undan með góðu fordæmi. Grænu skrefin sé frábær aðgerðaáætlun til að innleiða heimsmarkmiðin og er Umhverfisstofnun að tengja skrefin við Heimsmarkmiðin.

Næst kom stutt innlegg frá starfandi vinnuhópum vettvangsins. Fyrst fór Auður Finnbogadóttir stuttlega yfir stöðu vinnuhóps um heimsmarkmið en starf hópsins er farið af stað. Verið er að horfa til þess að setja upp verkfærakistu þannig að sem flestir geti notað þetta sem tæki til að hefja sína vinnu við heimsmarkmið og bætt við og aðlaga að sínum þörfum. Verið er einnig að huga að mælingum og hvernig best er að gera það. Hópurinn vill vinna þetta hratt en fjármagn og aðgerðir þurfa að haldast að en þetta er a.m.k. komið af stað.

Að loknum erindum gafst tími fyrir stuttar fyrirsurnir þar sem fram kom að Umhverfisstofnun vonast til að losunarbókhald brotið niður á sveitarfélög verði tilbúið í árslok 2021 eða byrjun árs 2022. Fjallað var stuttlega um samspil grænu skrefanna og grænfána verkefna sem er til staðar í mörgum leikskólum ásamt því að undirstrikað var hversu mikilvægt það væri að hefja aðgerðir í loftslagsmálum strax og að fjármunir sem settir eru í verkefni núna skili meiri árangri því fyrr sem byrjað er.

Eygerður tók síðan við og stýrði fundinum í hópavinnu um loftslagsstefnu sveitarfélaga. Horft var til þeirra væntinga sem þátttakendur hafa til loftslagsáætlana. Að lokinni hópavinnu kynntu hóparnir helstu niðurstöðu og mátti heyra ákveðin samhljóm í öllum hópum varðandi mikilvægi samráðs sveitarfélaga og samstarfs innan landshluta. Að nauðsynlegt væri að koma fram með sameiginlega mælikvarða en á sama tíma fara ekki í innbyrðis keppni því líklegt er að auknar upplýsingar geti orðið til þess að staðan líti verr út. Áhugi var á að heimfæra græn skref í ríkisrekstri yfir á sveitarfélög og ítrekað var mikilvægi aðalskipulags við innleiðingu loftslagsaðgerða. Starfsmenn sambandsins munu síðan taka saman helstu upplýsingar úr hópavinnunni.

Að lokum þakkaði Guðjón Bragason fundarmönnum nær og fær fyrir góðan fund.

Viðauki I

Vinnustofa 22. nóvember 2019 – Hvaða væntingar hef ég til loftslagsáætlana sveitarfélaga? Hver er raunhæf nálgun á verkefnið?

Þátttakendur á vinnustofu höfðu væntingar um að:

- Auka samstarf milli sveitarfélaga um gerð og innleiðingu loftslagsáætlana og að samkeppni sé lögð til hliðar
 - Skapa skilning og víðtæka þátttöku íbúa, fyrirtækja og annarra haghafa
 - Auka samstarf við ríkið um loftslagsmál
 - Loftslagsáætlanir tengist stað- og svæðisbundnum áætlunum
 - Loftslagsáætlanir taki tillit til staðbundinna aðstæðna
 - Loftslagsáætlanir séu tengdar vinnu við heimsmarkmiðin
 - Markmið og aðgerðir í loftslagsmálum séu skýr, tímasett, raunhæf og mælanleg
 - Lögð verði áhersla á bættu úrgangsstjórnun og samgöngur til að draga úr losun
 - Lögð verði áhersla á loftslagsáætlanir í rekstri sveitarfélaga og síðan fyrir samfélagið allt
 - Losunarbókhald liggja til grundvallar loftslagsáætlunum
 - Sveitarfélögin vinni samskonar losunarbókhald
-